



## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028


vegna íþróttasvæðis utan við Dyngju á Egilsstöðum, hverfisvernd umhverfis Gálgaklett og ný gönguleið frá Fellabæ að Vök

29.11.2022




## MÚLAÞING

Aðalskipulag Fljótshálsa 2008-2028

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Múlaþings þann 12/4 2023

---

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 16.5.2023

---



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

**UPPLÝSINGAR**

## SKJALALYKILL

8776-004-GRE-003-V03

## HÖFUNDUR

Kamma Dögg Gísladóttir

## RÝNT

Anna Katrín Svavarsdóttir

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
1.1 Skipulagsgögn	4
1.2 Markmið breytingar	4
FORSENDUR	4
2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir	4
2.2 Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.3 Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028	5
2.4 Deiliskipulag	6
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	6
3.1 Breyting á þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabær	6
3.2 Breyting á sveitarfélagsupprætti B vegna gönguleiðar frá Fellabæ að baðstað við Urriðavatni	9
UMHVERFISSKÝRSLA	10
4.1 Umhverfisáhrif af göngustíg milli Fellbæjar og Vök	10
4.2 Umhverfisáhrif af framtíðar íþróttasvæði og hverfisvernd á Egilsstöðum	10
KYNNING OG SAMRÁÐ	11
5.1 Umsagnaraðilar	12

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hluti af þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabæ, fyrir breytingu í mkv.1:10.000.	7
Mynd 2. Hluti af þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabæ, eftir breytingu í mkv.1:10.000.	7
Mynd 3. Hluti af þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabæ, fyrir breytingu vinstra megin og eftir breytingu hægra megin.	8
Mynd 4. Hluti af sveitarfélagsupprætti B, fyrir breytingu vinstra megin og eftir breytingu hægra megin.	9



## INNGANGUR

Hér er sett fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er í þremur liðum:

1. Skilgreint er nýtt svæði undir framtíðar íþróttamannvirki utan við Dyngju á Egilsstöðum.
2. Umhverfi Gálgakletts á Egilsstöðum hverfisverndað.
3. Staðsett ný gönguleið frá Fellabæ að baðstaðnum Vök við Urriðavatn.

### 1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmyndum frá Loftmyndum ehf og kortagrunnum sveitarfélagsins. Hnitakerfið er í ISN93.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi og eftirfarandi skipulagsuppdrættir:

- Gildandi þéttbýlisuppdráttur fyrir Egilsstaði og Fellabæ í mkv. 1:10.000
- Breyttur þéttbýlisuppdráttur fyrir Egilsstaði og Fellabæ í mkv. 1:10.000
- Gildandi sveitarfélagsuppdráttur B í mkv. 1:30.000
- Breyttur sveitarfélagsuppdráttur B í mkv. 1:30.000

### 1.2 Markmið breytingar

Markmið breytingarinnar er að afmarka svæði til uppbyggingar íþróttar- og útivistaraðstöðu á Egilsstöðum, sem jafnframt gefi möguleika á íbúðauppbyggingum og öðrum byggingum sem tengjast þörfum íþróttafélagsins og nærliggjandi stofnunum. Svæðið er afmarkað með það að leiðarljósi að framtíðar uppbygging geti fari fram á einum stað, miðsvæðis og með góða tengingu við núverandi íþróttamannvirki, skóla og aðrar stofnanir á svæðinu. Einnig er markmiðið með breytingunni að setja skilmála um hverfisvernd umhverfis Gálgaklett sem er sögufrægur minjastaður. Síðan er markmiðið að skilgreina gönguleið frá Fellabæ að baðstaðnum Vök við Urriðavatn til þess að tengja vinsælan áfangastað í dreifbýlinu við þéttbýlið og þannig stuðla að umhverfisvænum samgöngumáta, umferðaröryggi og gera útivistarmöguleika í sveitarfélaginu fjölbreyttari.

## FORSENDUR

### 2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Fyrirhugað íþróttasvæði liggur norðan við hjúkrunarheimilið Dyngju, milli Egilsstaðakirkju og Menntaskólans á Egilsstöðum. Fyrirhugað íþróttasvæði er um tvisvar sinnum stærra svæði en það sem nú er nýtt á Vilhjálmvelli eða rúmlega 4 ha. Svæðið hefur góða tengingu við grunnskóla, menntaskóla, íþróttamiðstöð og hjúkrunarheimili bæjarins og því gæti notkun svæðisins verið fjölbreytt. Efri hluti svæðisins er vel gróið svæði sem hallar til vesturs frá ásunum Stekkás og Gálgaás, skammt sunnan við svæðið er Gálgaklettur. Heimildir eru um að Gálgaklettur hafi verið aftökustaður í tengslum við

þinghald á Egilsstaðabylinu. Staðurinn er friðaður skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Neðri hluti svæðisins er að mestu gróið flatlendi sem hefur verið ræst fram. Á síðustu árum hefur svæðið verið nýtt sem opið svæði fyrir íbúa. Í gegnum svæðið liggur upplýstur göngustígur sem tengir saman byggðarkjarnanna Egilsstaði og Fellbæ. Engin bygging er á svæðinu.

Fyrirhuguð gönguleið liggur frá Fellabæ að baðstaðnum Vök við Urriðavatn er um 2,4 km að lengd. Hann liggur að stærstum hluta um gróinn gróðurlendi s.s. mólendi, mela og votlendi en þó er hluti leiðarinnar um þegar raskað svæði vegna lagningu hitaveitulagnar frá Urriðavatni. Stígurinn liggur í gegnum nokkra landnotkunarflokka samkvæmt gildandi aðalskipulag og eru þeir: A4 – Athafnarsvæði norðan Smiðjusels í Fellabæ, O9 – Votlendi í Fellabæ, og A7/I13 – Selsvæði í Fellabæ, ásamt landbúnaðarsvæði.

## 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í gildandi Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um gæði hins byggða umhverfis og sjálfbærar samgöngur og við aðalskipulagsbreytingu þessa var tekið mið af eftirfarandi markmiðum:

#### „3.1.1. Gæði byggðar og bæjarrýma

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda“*

#### „3.5.2 Samgöngur í þéttbýli

*Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningsamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.“*

## 2.3 Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028

Skv. gildandi Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er svæðið sem nú er fyrirhugað fyrir íþróttasvæði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota (O1) annars vegar og hins vegar fyrir þjónustustofnanir (T1).

### Stefna gildandi aðalskipulags fyrir íþróttir:

- *Aðstaða til heilsuræktar og heilbrigðs lífennis sé fjölbreytt og íbúar taki virkan þátt í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi. Unnið verði að eflingu vitundar um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.*



- Sveitarfélagið stuðlar að því að útvístarmöguleikar verði sem fjölbreyttastir, t.d. með góðu aðgengi að útvístarsvæðum. Íþróttagreinir sem tengjast útvíst, fái aðstöðu eftir því sem tæk eru á.

#### **Stefna gildandi aðalskipulags fyrir gönguleiðir, hjólaleiðir og reiðleiðir:**

- Sveitarfélagið gengst fyrir lagningu stíga, sem auk nytsemdar fyrir íbúa leiða til fjölbreytilegri tækifæra fyrir gesti til þess að upplifa náttúru og sögu svæðisins.

#### **Skv. gildandi aðalskipulagi gilda eftirfarandi skilmálar fyrir svæðin:**

- O1 – Græn svæði á Egilsstöðum.
- T1 – Heilbrigðisstofnun og kirkja. Gert er ráð fyrir nýbyggingum og viðbyggingum í góðu samræmi við byggingar sem fyrir eru. Reiturinn verði að fullu nýttur fyrir byggingar en þær verði að jafnaði ekki hærrí en 3 hæðir og taki mið af landslagi.

## **2.4 Deiliskipulag**

Á hluta svæðisins er í gildi eftirfarandi deiliskipulag:

- Norðvestursvæði Egilsstaða, samþykkt 06.02.2013.

Við frekari vinnu á deiliskipulagsstigi þarf að horfa til þess og samræma áform um uppbyggingu á svæðinu. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er nú gert ráð fyrir nýbyggingu á heilsutengdri þjónustu annarsvegjar og hinsvegjar er svæðið skilgreint sem opið svæði.


## **BREYTING Á AÐALSKIPULAGI**

Gerð er breyting á greinargerð og uppdráttum: þéttbýlisuppdráttur Egilsstaðir og Fellabær og sveitarfélagsuppdráttur B.


### **3.1 Breyting á þéttbýlisuppdrætti Egilsstaðir og Fellabær**

Breyting á þéttbýlisuppdrætti fyrir Egilsstaði og Fellabæ fellst í því að hluti af T1– Heilbrigðisstofnun og kirkja og hluti af O1 – Græn svæði á Egilsstöðum verður skilgreint sem O32 – Íþrótt- og útvístarsvæði við Dyngju á Egilsstöðum. Þá verður hluti svæðisins umhverfis Gálgaklett skilgreint undir hverfisvernd. Einnig verður staðsett gönguleið frá Fellabæ að Vök (AF1- Baðstaður við Urriðavatn) í gegnum svæði sem skilgreind eru sem A4 – Athafnarsvæði norðan Smiðjusels í Fellabæ og A7/I13 – Selsvæði í Fellabæ.

Breyting vegna íþrótt- og útivistarsvæðis við Dyngju og hverfisvernd Gálgakletts




Mynd 1. Hluti af þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabæ, fyrir breytingu í mkv.1:10.000.



Mynd 2. Hluti af þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabæ, eftir breytingu í mkv.1:10.000.

Breyting vegna gönguleiðar frá Fellabæ að Urriðavatni





Mynd 3. Hluti af þéttbýlisupprætti Egilsstaðir og Fellabæ, fyrir breytingu vinstra megin og eftir breytingu hægra megin.

### Breyting á greinargerð

Bætt er við eftirfarandi texta í kafla 9.9 **Opin svæði til sérstakra nota:**

O32 Íþrótt- og útivistarsvæði við Dyngju á Egilsstöðum. Stærð 7,2 ha.

Svæðið er ætlað til uppbyggingar íþrótt- og útivistaraðstöðu. Jafnframt verður heimilað á svæðinu íbúðarbygging sem t.d. nýtist öldruðum og aðrar byggingar sem gætu tengst svæðinu, þörfum íþróttafélagsins og nærliggjandi stofnunar. Á deiliskipulagsstigi skal huga sérstaklega að neikvæðum áhrifum á hljóðvist og hugsanlegri flóðlýsingu á nærumhverfið.

Bætt er við eftirfarandi texta í kafla 9.17 **Hverfisvernd:**

H11 Gálgaklettur, klettanef sem skagar út úr Gálgaási rétt austan við Egilsstaðakirkju. Þar er heimild um aftökustað í tengslum við Egilsstaðaping. Stærð 0,6 ha.


Bætta var inn eftirfarandi texta í kafla 9.4 **Svæði fyrir þjónustustofnanir í reit T1 Heilbrigðisstofnun og kirkja:** Stærð svæðis 3,98 ha.



### 3.2 Breyting á sveitarfélagsuppdrætti B vegna gönguleiðar frá Fellabæ að baðstað við Urriðavatni

Breyting á sveitarfélagsuppdrætti B fellst í því að hluti staðsetja gönguleið frá Fellabæ að Vök (AF1-Baðstaður við Urriðavatn) í gegnum svæði sem skilgreind eru sem O9 – Votlendi í Fellabæ og landbúnaðarsvæði.

#### Breyting vegna gönguleiðar frá Fellabæ að Urriðavatni



Mynd 4. Hluti af sveitarfélagsuppdrætti B, fyrir breytingu vinstra megin og eftir breytingu hægra megin.

## UMHVERFISSKÝRSLA

Breytingin felur ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Jafnframt falla allar skipulagsáætlanir og breytingar á þeim undir gildissvið laganna.

### 4.1 Umhverfisáhrif af göngustíg milli Fellbæjar og Vök

Áhrif á *jarðfræði og jarðmyndanir* eru metin engin. Engar merkar jarðmyndanir eru innan svæðisins.

Áhrif á *gróður og dýralíf* er metin óveruleg. Svæðið er nokkuð vel gróið að hluta en gera má ráð fyrir að lagning á nýjum stíg raski gróðri á svæðinu. Leggja skal mikla áherslu á að við framkvæmdir við uppbyggingu á stígunum raski sem minnst svæðinu en stígurinn fylgir að hluta til núverandi lagnaleið.

Áhrif á *landnotkun* er metin engin. Ekki er búið að flokka landbúnaðarland í sveitarfélaginu en göngustígurinn liggur ekki um land sem notað er til ræktunar eða þykir vera úrvals ræktunarland.

Áhrif á *landslag og ásýnd* er metin óveruleg. Ný mannvirki hafa alltaf áhrif á landslag og ásýnd en stígurinn fylgir að hluta til lagnaleið sem hefur verið lögð í jörð.

Áhrif á *samfélag* er metin jákvæð. Með lagningu gönguleiðarinnar er verið að leggja áherslu á vistvænan samgöngumáta og stuðla að aukinni hreyfingu og þar með bættri lýðheilsu.

Áhrif á *öryggi* er metin jákvæð. Með tilkomu leiðarinnar er umferðaröryggi gangandi og hjólandi stór aukið.

Áhrif á *minjar* er metin engin. Engar þekktar fornleifar eru á lagnaleið skv. Minjastofnun Íslands.

### 4.2 Umhverfisáhrif af framtíðar íþróttasvæði og hverfisvernd á Egilsstöðum

Við upphaf skipulagsvinnunnar kom til umræðu hvort íþróttasvæðið ætti heima annarsstaðar en það sem réði var góð tenging við Fellabæ, göngutenging við skóla og stofnanir og samlegðaráhrif við heilbrigðisstofnanir á svæðinu. Við nánari vinnslu þessarar breytingar voru bornir saman eftirfarandi valkostir:

1. Núllkostur – gildandi skipulag. Ekki skilgreint nýtt íþrótt- og útivistarsvæði, Gálgaklettur ekki hverfisverndaður.

Áhrif á *jarðfræði og jarðmyndanir* er metin neikvæð þar sem klettamyndanir á svæðinu umhverfis Gálgaklett eru ekki verndaðar.

Áhrif á *gróður og dýralíf* er metin óveruleg. Svæðið er raskað að hluta en að mestu leyti vel gróið svæði. Framkvæmdir á svæðinu koma alltaf til með að hafa áhrif á gróður.

Áhrif á *landslag* er metin neikvæð, í núgildandi skipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við heilbrigðisstofnun og klettamyndanir umhverfis Gálgaklett ekki hverfisverndaðar.

Áhrif á *samfélag* er metin óveruleg/neikvæð þar sem ekki er verið að gera ráð fyrir svæði til uppbyggingar íþrótt- og útivistarmannvirkja en núverandi íþróttasvæði býður ekki upp á frekari uppbyggingu.



Áhrif á *minjar* er metin neikvæð þar sem sögulegur minjastaður er ekki verndaður með hverfisvernd.

## 2. Valinn kostur.

Áhrif á *jarðfræði og jarðmyndanir* eru metin engin. Engar merkar jarðmyndanir eru innan svæðisins.

Áhrif á *gróður og dýralíf* er metin óveruleg. Svæðið er raskað að hluta en að mestu leyti vel gróið svæði. Framkvæmdir á svæðinu koma alltaf til með að hafa áhrif á gróður.

Áhrif á *landnotkun* er metin óveruleg. Ekki er verið að ganga á land sem notað er til ræktunar eða þykir vera úrvals ræktunarland.

Áhrif á *landslag og ásýnd* er metin óveruleg. Ný mannvirki hafa alltaf áhrif á landslag og ásýnd en lagt er til að hverfisvernda helstu landslagseinkenni svæðisins í kringum Gálgaklett.

Áhrif á *samfélag* er metin jákvæð/óviss. Uppbyggingin íþrótt- og útvistarmannvirkja mun styðja við íþróttastarf og bættu lýðheilsu í sveitarfélaginu. Nýting á íþróttasvæði þéttbýlisins bætist og gerir fleirum kleift að stunda útvist og hreyfingu s.s. í tengslum við heilbrigðisstofnunina. Aðalskipulagsbreytingin mun skerða að einhverju leyti svæði til uppbyggingar á heilbrigðisstofnun. Með hverfisvernd er verið að stuðla að verndun sögulegra minja. Hugsanleg hljóðvistar áhrif og flóðlýsing frá svæðinu verður umtalsvert meiri en það sem er í dag. Settir eru skilmálar um að þetta verði skoðað sérstaklega á deiliskipulagsstigi. Hugsanlega er hægt að takmarka notkun flóðlýsingar eftir ákveðinn tíma dags til að draga úr áhrifum á nærumhverfið og/eða draga úr áhrifum með trjágróðri.

Áhrif á *öryggi* er metin jákvæð. Með breytingunni er fyrirkomulag umferðartengingar við svæðið ákveðið.

Áhrif á *minjar* er metin óveruleg. Fornleifaskrá þarf svæðið áður en framkvæmdarleyfi er veitt eða samhliða gerð deiliskipulags. Með breytingunni er verið að leggja til að hverfisvernda friðaðan minjastað umhverfis Gálgaklett.

## KYNNING OG SAMRÁÐ

### Skipulagslýsing

Málsmeðferð hófst með kynningu skipulagslýsingar og var hún auglýst þann 17.11.2021 á vef sveitarfélagsins. Almennungi var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir til skipulagsfulltrúa til og með 03.12.2021. Einnig var lýsingin send til umsagnar til Skipulagsstofnunar, Heilbrigðisstofnunar Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar, HEF veitur og Menntaskólans á Egilsstöðum.

### Auglýsing á vinnslutillögu

Tillagan var á auglýst á vinnslustigi frá 10.05.2022 – 02.06.2022 og kynnt á rafrænum íbúafundi og á vef sveitarfélagsins þar sem íbúum gafst kostur á að senda inn athugasemdir til skipulagsfulltrúa til og með 02.06.2022. Tillagan var einnig send til umsagnaraðila og bárust umsagnir frá: félagi eldri borgara, Íþróttfélagi Hattar, Menntaskólanum á Egilsstöðum, Heilbrigðisstofnun Austurlands,

Heilbrigðiseftirliti Austurlands, HEF veitum, Minjastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Ungmennaráði Múlapings, Vegagerðinni og Öldungaráði Múlapings.

### **5.1 Umsagnaraðilar**

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa tillögu að breytingu:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðisstofnun Austurlands
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- HEF veitur
- Menntaskólinn á Egilsstöðum

Eftir atvikum verður óskað umsagna annarra aðila, m.a. nefnda innan stjórnslu Múlapings.



 Skipulagsstofnun

Mótt.: 12 maí 2023

Málnr.

202111044